

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1451**

2024/EES/11/24

frá 13. júlí 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 að því er varðar tilkynningar um sjúkdóma og upplýsingar sem aðildarríkin skulu leggja fram varðandi samþykki fyrir og skýrslugjöf um skyldubundnar og valkvæðar útrýmingaráætlanir og í umsóknum um sjúkdómalausastöðu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (1), einkum 23., 35. og 40. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um dýrasjúkdóma sem geta smitast yfir í dýr eða menn, þ.m.t. ákvæði um tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma, eftirlitsáætlanir Sambandsins, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 (2) bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og í henni er mælt fyrir um reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominnna sjúkdóma.
- 3) Til að tryggja samræmda beitingu í Sambandinu að því er varðar ákvæði um tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma, eftirlitsáætlanir Sambandsins, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 og í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, er mælt fyrir um framkvæmdarreglur um upplýsingar, snið og kröfur um málsmeðferð varðandi eftirlitsáætlanir, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 (3).
- 4) Sú reynsla sem fengist hefur af framlagningu upplýsinga, sem varða niðurstöður úr samþykktum útrýmingaráætlunum, og umsókna um sjúkdómalausastöðu á tímabilinu frá þeim degi þegar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 kom til framkvæmda og einkum í ljósi gagna sem eru þegar tiltæk í tölvuvædda upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma, sem kveðið er á um í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sýnir að tilteknir þættir í upplýsingunum sem er sem stendur krafist með þeirri framkvæmdarreglugerð eru ekki nauðsynlegir fyrir framkvæmdastjórnina til að meta umsóknir um sjúkdómalausastöðu. Til að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríki ætti ekki að gera kröfu um þessa þætti. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 179, 14.7.2023, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominnna sjúkdóma (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtið. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).

- 5) Upplýsingar sem leggja skal fram um niðurstöður úr framkvæmd útrýmingaráætlana eru tiltækar í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma. Til að tryggja samfellu ætti einnig að leggja drögin að útrýmingaráætlunum, sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis, fram rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.
- 6) Enn fremur bendir sú reynsla sem fengist hefur við beitingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2002 til þess að það sé nauðsynlegt að skýra nánar tiltekin ákvæði í V. VI. og VII. viðauka við hana til að tryggja að það sé skýrt að gildissvæðið fyrir samþykta útrýmingaráætlun að því er varðar lagardýr og samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu fyrir þessi dýr getur gilt á vettvangi aðildarríkis, svæðis eða hólfis. Því ætti að breyta V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til samræmis við það.
- 7) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 er kveðið á um nokkrar undanþágur sem skipta máli fyrir framlagningu útrýmingaráætlunar gagnvart sjúkdómum í B-flokki eða í C-flokki í lagardýrum í samræmi við 4. þátt VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002. Sem stendur er einungis vísað til einnar slíkrar undanþágu í þeim viðauka. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til að tryggja að vísað sé til allra viðeigandi undanþága í 4. þætti VII. viðauka við hana.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Skýrslugjöf í Sambandinu um árlegar niðurstöður úr framkvæmd samþyktra útrýmingaráætlana

1. Eigi síðar en 30. apríl á hverju ári skulu aðildarríki leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður úr framkvæmd yfirstandandi samþyktra útrýmingaráætlana sinna.
 2. Skýrslurnar sem um getur í 1. mgr. skulu, á hverju ári varðandi næstliðið almanaksár, innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í:
 - a) ákvæðum 1. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva,
 - b) ákvæðum 2. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru,
 - c) ákvæðum 3. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerð 1-24),
 - d) ákvæðum 4. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum.
 3. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.“
- 2) Í 8. gr. fellur 2. mgr. brott.
 - 3) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað inngangsorða 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis:“

b) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við:

„3. Útrýmingaráætlanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.“

4) Í stað inngangsorða 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Þegar aðildarríki sækja um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hjá framkvæmdastjórninni, í samræmi við 1. og 2. þátt 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, skulu þau láta fylgja með í umsóknum sínum viðeigandi upplýsingar, að undanskildum upplýsingum sem þegar hafa verið lagðar fram í skýrslunum sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, sem eru tilgreindar í:“

5) Ákvæðum V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt sem hér segir:

1) Í V. viðauka:

a) Í stað 6. liðar 1. þáttar kemur eftirfarandi:

„6. Upplýsingar um viðkomandi stöðvar og dýr sem eru staðsett á yfirráðasvæðinu í samræmi við 5. lið, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

- a) fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 (*) 31. desember,
- b) fjöldi dýra af markdýrastofni í haldi í stöðvunum, sem um getur í a-lið, 31. desember,
- c) fjöldi stöðva með sjúkdómalausum stöðu, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, með bólusetningu eða án bólusetningar, ef við á, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið, 31. desember,
- d) fjöldi dýra í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið,
- e) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar á skýrslutímabilinu.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominnna sjúkdóma (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).“

b) Í stað 6. liðar 4. þáttar kemur eftirfarandi:

„6. Upplýsingar um viðkomandi lagareldisstöðvar og dýr, sem eru staðsett á yfirráðasvæðinu sem um getur í 5. lið, eftir aðildarríki, svæði eða hólfi:

- a) fjöldi samþykktra lagareldisstöðva og fjöldi skráðra lagareldisstöðva sem halda dýr af markdýrastofni og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem falla undir útrýmingaráætlunina 31. desember,
- b) fjöldi lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum, af fjölda stöðva eða sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, sem eru ekki sýktar/sýktir 31. desember,
- c) fjöldi sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, 31. desember,
- d) fjöldi nýrra sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, 31. desember.“

2) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða að því er varðar sjúkdóma í land- og lagardýrum og í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfa að því er varðar sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 11. gr.“

b) Ákvæðum 6. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. til 7. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar nautgripi í haldi, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

- a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* án bólusetningar, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi sem sermiprófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* and *B. suis* ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - g) fjöldi fangláta hjá nautgripum í haldi sem geta stafað af sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sem gerð var rannsókn á ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - h) dagsetning síðasta staðfesta tilviks sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum í haldi,
 - i) dagsetning síðustu bólusetningar nautgripa í haldi gegn sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*.
2. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar sauðfé og geitur í haldi, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi sauðfjár og geita sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* án bólusetningar, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi sauðfjár og geita sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva sem eru með sauðfé eða geitur í haldi sem prófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* and *B. suis* ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - g) fjöldi fangláta hjá sauðfé eða geitum sem geta stafað af sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sem gerð var rannsókn á ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - h) dagsetning síðasta staðfesta tilviks sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfé eða geitum í haldi,
 - i) dagsetning síðustu bólusetningar sauðfjár eða geita í haldi gegn sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*.

3. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*), eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*), þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem prófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - g) fjöldi nautgripa sem er slátrað með vefjaskemmdir sem grunur leikur á um að stafi af sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) sem gerð var rannsókn á ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - h) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) ár hvert á næstliðnum þremur árum.
4. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi hvítblæði í nautgripum, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem prófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum smitandi hvítblæðis í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - g) fjöldi sýna úr nautgripum, eldri en 24 mánaða, sem var slátrað, með æxli sem geta orsakast af smitandi hvítblæði í nautgripum sem voru sett í rannsókn á rannsóknarstofu til að staðfesta eða útiloka að smitandi hvítblæði í nautgripum sé til staðar ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - h) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum smitandi hvítblæðis í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,
5. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
 - a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

- c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar fyrir smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - g) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - h) dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu í nautgripum í haldi tók gildi.
6. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með svín í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi svína sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi svína sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva þar sem eftirlit var innt af hendi til að finna klínískar, veirufræðilegar eða sermifræðilegar sannanir fyrir sýkingu af völdum Aujeszzkys-veikiveiru ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi svína sem prófun var gerð á í stöðvunum sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - g) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum Aujeszzkys-veikiveiru ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - h) dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn Aujeszzkys-veikiveiru í svínum í haldi tók gildi.
7. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:
- a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - e) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar fyrir smitandi slímhúðarpest í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,
 - f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

- g) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,
- h) dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn smitandi slímhúðarpest í nautgripum í haldi tók gildi.“

ii. Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum skal veita eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert ár áætlunarinnar eftir aðildarríki, svæði eða hólfi, eins og við á fyrir gildissvæðið:

- a) fjöldi samþykta lagareldisstöðva og, ef við á, fjöldi skráðra lagareldisstöðva, sem halda dýr af markdýrastofni, og sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem falla undir útrýmingaráætlunina, sem og kort sem sýna staðsetningu stöðva og sýnatökustaða hjá villtum stofnum,
- b) fjöldi lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, sem eru ekki sýktar/sýktir,
- c) fjöldi dýraheilbrigðisheimsókna í hverja samþykta lagareldisstöð og, ef við á, í hverja skráða lagareldisstöð,
- d) fjöldi sýnataka í hverri samþyktri lagareldisstöð og, ef við á, skráðri lagareldisstöð og á sýnatökustöðum hjá villtum stofnum, sem og nákvæmar upplýsingar um dýrategundir, niðurstöður úr sýnatöku (jákvæðar eða neikvæðar) og vatnshita þegar sýni eru tekin,
- e) fjöldi sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið,
- f) fjöldi nýrra sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið.“

3) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 9. liðar 1. þáttar kemur eftirfarandi:

„9. Millimarkmið útrýmingaráætlunarinnar sem tengjast sjúkdómsbundnum viðmiðunum til að öðlast sjúkdómalausna stöðu, þ.m.t. að minnsta kosti:

- a) árleg fækkun, sem búist er við, á fjölda sýktra stöðva,
- b) árleg aukning, sem búist er við, á fjölda sjúkdómalausra stöðva.“

b) Í stað 5. og 6. liðar 4. þáttar kemur eftirfarandi:

„5. Lýsing á faraldsfræðilegu ástandi í aðildarríki, á svæði eða í hólfi, eins og við á fyrir gildissvæði áætlunarinnar, þ.m.t.:

- a) fjöldi samþyktra lagareldisstöðva og fjöldi skráðra lagareldisstöðva, sem halda dýr af markdýrastofni, eftir tegund framleiðslu og eftir heilbrigðisástandi,
- b) skráðar tegundir sem er haldið í lagareldisstöðvunum, sem um getur í a-lið, eftir heilbrigðisástandi,
- c) kort sem sýna:
 - i. landfræðilega staðsetningu lagareldisstöðvanna, sem um getur í a-lið, og viðkomandi vatnsöflunarsvæði og
 - ii. landfræðilega dreifingu tilvika sýkingar af völdum viðkomandi sjúkdóms í B- eða C-flokki á tímabili sem tekur til a.m.k. næstliðinna 5 ára,
- d) upplýsingar að því er varðar faraldsfræðilegt ástand í villtum lagardýrum, ef við á.

6. Lýsing á sjúkdómsvarnaráætluninni í útrýmingaráætluninni í samræmi við 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, þ.m.t. að minnsta kosti:
- a) sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 að því er varðar:
 - i. heilbrigðisheimsóknir og sýnatöku í lagareldisstöðvum,
 - ii. markvisst eftirlit með villtum stofnum, ef við á,
 - b) ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfest tilvik,
 - c) ráðstafanir varðandi smitvarnir og áhættumildun sem framkvæma skal,
 - d) bólusetningaráætlanir, ef við á,
 - e) ráðstafanir sem framkvæma skal að því er varðar villt lagardýr og fjöldi og landfræðileg staðsetning sýnatökustaða, ef við á,
 - f) undanþágur sem skal beita í samræmi við 47. gr. (4. mgr.), 51. gr. (2. mgr.) eða 53. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, ef við á,
 - g) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á.“
-